

3. fundur stjórnar AP, starfsárið 2015-2016

haldinn í Félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn mánudaginn 7. september 2015 kl. 15:00

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Elías Pétursson, Haraldur Bóasson og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Þá sat Silja Jóhannesdóttir starfsmaður félagsins fundinn undir fyrsta dagskrárlið.

Formaður, Sif Jóhannesdóttir setti fund og stjórnaði honum.

Á fundi gerðist þetta:

1. Kynning á byggðaeftlingarverkefninu „Raufarhöfn og framtíðin“ og heildarverkefninu „Brothættar byggðir“

Silja Jóhannesdóttir verkefnisstjóri gerði grein fyrir verkefninu og helstu viðfangsefnum sínum frá því að hún kom til starfa á vordögum. Nokkur tími hefur farið í að koma sér inn í þau verkefni sem farin voru af stað þar sem nokkuð var liðið frá því að fyrri verkefnisstjóri lauk störfum. Þá hefur verið unnið með Byggðastofnun að mótun umgjardar verkefnisins á landsvísu. Unnið hefur verið með íbúum og þeir m.a. aðstoðaðir við umsóknir til uppbyggingarsjóðs í byrjun sumars. Nýtingarmöguleikar húsnæðis á staðnum hafa verið til skoðunar og þá sérstaklega „Blokkin“ og „SR-svæðið“ en ekki er útilokað að eftirspurn sé að vakna á nýtingu þess.

Stjórnin þakkaði Silju góða kynningu á verkefninu.

2. Reynsla og staða samstarfs Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna um framkvæmd sóknaráætlunar og rekstur uppbyggingarsjóðs

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samstarfinu fram að þessu, en um hefur verið að ræða aðkomu að gerð sóknaráætlunar og vinna vegna úthlutunar fjármuna til atvinnuþróunar og nýsköpunar úr uppbyggingarsjóði landshlutans á starfssvæði félagsins. Samstarfið hefur gengið ágætlega en aðilar eru þó sammála um að leggja til ákveðnar breytingar á fyrirkomulagi auglýsinga og úrvinnslu umsókna þannig að skilið verði á milli menningarmála annars vegar og atvinnuþróunar og nýsköpunar hins vegar.

Stjórnin styður þá nálgun á fyrirkomulaginu sem framkvæmdastjóri kynnti.

3. Fundaplan 2015 – 2016

Framkvæmdastjóri lagði fram fundaplan fyrir starfsárið með tillögum um fundarstaði. Skv. því er gert ráð fyrir níu fundum stjórnar á starfsárinu og að aðalfundur félagsins fari fram 11. apríl 2016 í Skúlagarði.

Stjórnin samþykkir fundaplanið eins og það liggur fyrir.

4. Önnur mál

Elías Pétursson vakti máls á því að erfið staða gæti verið framundan á Bakkafirði þar sem Toppfiskur hefur sagt upp öllu sínu starfsfólki að einum starfsmanni undanskildum, en um er að ræða tólf manns. Nú er til athugunar hjá Byggðastofnun að segja upp samstarfssamningi vegna úthlutunar sértæks byggðakvóta á staðnum þar sem hluti samstarfsaðila hefur ekki staðið við

ákvæði sammingsins. Ljóst er því að það stefnir í erfiða stöðu í byggðarlaginu og nauðsynlegt að grípa til tiltækra ráða til að auka heimildir til veiða og vinnslu á staðnum.

Samþykkt að félagið í samstarfi við sveitarfélagið skoði stöðuna á Bakkafirði með það að markmiði að tryggja sértækar aflaheimildir og nauðsynlegt samstarf veiða og vinnslu á staðnum, þannig að unnt verði að koma á nýjum samstarfssamningi við Byggðastofnun.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30

Að fundi loknum heimsóttu fundarmenn starfsstöð GPG Seafood á Raufarhöfn og fræddust um starfssemi félagsins undir leiðsögn Gunnlaugs Karls Hreinssonar framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna félagsins. Fram kom að starfsemin hefur eflst mikið í framhaldi af úthlutun sértæks byggðakvóta til Raufarhafnar og þess samstarfssammings sem í gildi er milli útgerðaraðila, GPG Seafood sem vinnsluaðila og Byggðstofnunar um nýtingu kvótans. Í dag eru um 30 heilsársstörf við landvinnslu en voru 15 – 20 árstíðabundin áður en verkefnið hófst og í óvissu. Þá hefur fyrirtækið einnig lagt í talsverðar fjárfestingar, bæði í vinnslubúnaði og viðhaldi húsnæðis.